

Mánudaginn 4. október, 2004 - Leiklist

LEIKLIST - Sögn ehf., Leikfélag Akureyrar, Leikhópurinn Á senunni og Leikfélag Reykjavíkur

## Ósvikin listræn upplifun

SVIK

Höfundur: Harold Pinter. Íslensk þýðing: Gunnar Þorsteinsson. Leikstjóri: Edda Heiðrún Backman. Leikarar: Felix Bergsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Ingvar E. Sigurðsson og Skúli Gautason. Leikmynd: Jón Axel Björnsson. Búningar: Filippía Ingibjörg Elfsdóttir. Tónlist: Gunnar Hrafnsson. Akureyri 1. október.

*Felix Bergsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir (á myndinni) og Ingvar E. Sigurðsson eiga frábæran leik í Svikum, segir í leikdómi.*

Það vakti mikla eftirvæntingu þegar Magnús Geir Þórðarson kynnti snemma hausts að fyrsta verk leikársins hjá Leikfélagi Akureyrar (í samvinnu við fleiri aðila) væri leikritið Svik eftir Harold Pinter. Höfundinn er nánast óþarft að kynna, þar fer eitt fremsta leikskáld Breta sem skrifað hefur á fjórða tug leikrita auk prósaverka, kvikmyndahandrita og ljóða. Það síðastnefnda er án efa mikilvægt fyrir leikritun Pinters því þekkt er sú aðferð hans að fara sparlega með orð, að brýna og fága tungumálið, spila á margræðni orða og merkingarmöguleika og draga fram vægi þagnarinnar og undirtextans.

Þessi höfundareinkenni eru ef til vill hvergi eins greinileg og í Svikum enda koma þau fram strax í titlinum. Enska sögnin "to betray" getur merkt að svíkja, sýna/fela, segja frá og koma upp um - og allar þessar merkingar eru stöðugt að verki í leiktextanum. Af þessu einfalda dæmi má ímynda sér vanda þýðandans því líklega er fátt jafn erfitt og að þýða texta sem á yfirborðinu er tær og einfaldur en felur í raun í sér flókinn vef margræðni og merkingarauka. Gunnar Þorsteinsson er þekktur sem afbragðsþýðandi sjónvarpsefnis og hann leysir þetta verkefni með sóma; íslenski textinn er eðlilegur, tilgerðarlaus og tær og í heild virðist mér þýðingin skila þeirri margræðni sem nauðsynleg er.

Þegar unnið er með texta af þessu tagi ræður úrvinnsla leikstjórans og túlkun leikara úrslitum um það hvernig til tekst. Auðvitað má segja að þetta gildi um flestar leiksýningar, en ég vil þó halda því fram að þegar textinn er eins sparsamur og hér um ræðir sé meira lagt á herðar listamannanna en ella. Skemmst er frá því að segja að uppsetning Eddu Heiðrúnar Backman, sem hér þreytir frumraun sína í leikstjórn, er glæsilegur sigur fyrir hana og þá listamenn sem með henni vinna. Flestir sem hafa snefil af innsýn í íslenskt leikhúslíf vita að Edda Heiðrún er listamaður af guðs náð sem mætir hverju viðfangsefni með virðingu og ástríðu og slær hvergi af kröfunum. Þeirri staðreynd að hún hafi á hápunkti leikferils síns verið neydd til þess að skipta um vettvang í listsköpun sinni snýr hún upp í listrænan sigur sem eftir verður tekið.

Að mínu mati er það aðallega tvennt sem ræður úrslitum um gæði þessarar sýningar. Annars vegar er frábær leikur þeirra Felix Bergssonar, Jóhönnu Vigdísar Arnardóttur og Ingvars E. Sigurðssonar sem hvert og eitt leggja sál sína í túlkunina um leið og þau leika af nauðsynlegri hófstillingu. Hins vegar er auðsætt að leikstjórinn hefur hugað að hverju einasta smáatriði í leik og umgjörð, hvort sem um er að ræða örfína snertingu tveggja handa eða augnatillit, eða t.d. hvernig tónlistin tengir atriði verksins um leið og hún myndar videigandi grunn fyrir þær tilfinningar sem miðlað er beint og óbeint á sviðinu. Kontrabassaleikur Gunnars Hrafnssonar var frábær liður í heild uppsetningarinnar og jók henni dýpt.

Þótt margflókin svik séu aðalþema leikritsins er ýmislegt fleira á seyði hér en framhjáhald. Það er ekki aðeins verið að fjalla um ástina og hjónabandið heldur ekki síður um vináttuna, samkeppnina, listina, tímann og minnið, svo nokkuð sé nefnt. Í hverjum hinna níu þátta verksins er áhorfendum gefin innsýn í samband hinna þriggja aðalpersóna, Róberts, eiginkonu hans Emmu og vinar þeirra Jerrys, á ákveðnum vendipunktum í lífi þeirra. Fyrsti þáttur sýnir fund Emmu og Jerrys tveimur



árum eftir að þau hafa slitið ástarsambandi sínu og í næstu þáttum er atburðarásin rakin aftur á bak í tíma þar til við sjáum upphaf sambandsins í lokabættinum. Þessi óvenjulega aðferð er áhrifarík því áhorfandinn "veit meira" en persónurnar um framvindu mála.

"Að vita eða vita ekki" er kannski hinn rauði þráður leikfléttunnar. Þannig er það t.a.m. aldrei alveg á hreinu hvenær Róbert fær vitneskju um samband konu sinnar og Jerrys. Hann gæti jafnvel hafa grunað að þau myndu fella hugi á undan þeim sjálfum! Ingvar E. Sigurðsson á stórleik í hlutverki Róberts, persónusköpun hans er heilsteypt og sterk frá upphafi til enda. Hann sýnir okkur karakter sem ber heitar tilfinningar bæði til konu sinnar og vinar síns Jerrys, án þess þó að hann beri þær beinlínis á torg. Hann sýnir okkur stoltan en særðan mann sem mætir svikunum af hörku og háði í samskiptum sínum bæði við Emmu og Jerry, án þess þó að ganga of langt. Jafnvel má segja að hann leiki sér að þeim báðum sem köttur að mús og sá leikur náði hápunkti í atriðinu þar sem þeir Jerry eru að matast saman á veitingahúsi, en um leið sjáum við þarna gleggst í kviku Róberts. Felix veitti Ingvari verðugan mótaleik í þessu atriði sem og öðrum. Þarna var hann á verði gagnvart beinskeyttu og tvíráðu tali Róberts en gat þó ómögulega áttað sig á aðstæðum til fulls. Jerry er í túlkun Felix í grunninn dálítið kokhraustur og góður með sig, enda maður með "allt sitt á hreinu" - eða hvað? Felix sýndi okkur vel togstreituna í persónu Jerrys, af einhverjum ástæðum finnur hann aldrei tíma til að fara í "skvass" með Róberti, sem sífellt skorar á hann að takast á við sig í þessum líkamlega leik. Áskorun Róberts er sem leiðarstef í verkinu og gefur færi á skemmtilegum túlkunarmöguleikum.

Leikur Jóhönnu Vigdísar einkenndist af sömu hófstillingu og margræðni og hjá samleikurum hennar og hún túlkaði afar vel ótta þess sem hefur einhverju að leynd og veit ekki hversu mikið hefur þegar afhjúpast. Með þögn og hárfínum svipbrigðum og nákvæmri líkamsbeitingu sagði Jóhanna Vigdís oft meira en orð fá lýst - og reyndar má segja það sama um þau öll þrjú. Skúli Gautason á stutta en skemmtilega innkomu í verkið sem þjónn á ítölsku veitingahúsi og skopleg útfærsla á persónunni er nauðsynlegt mótvægi við spennu þeirrar senu sem áður er lýst.

Jón Axel Björnsson myndlistarmaður þreytir hér frumraun sína á sviði leikmyndagerðar og gerir það með glans. Grunnhugmynd leikmyndarinnar virðist taka mið af sparsemi og tærleika textans, leikmunir eru fáir og jafnvel gagnsærir. Á tjöld í baksviði er varpað myndskyggnum sem gefa til kynna staðsetningu sem og bakgrunn persóna. Búningar Filippíu I. Elísdóttur eru fagaðir og flottir og undirstrika líka stétt og stöðu persóna en um leið má skilja alla þessa yfirborðsfágun sem ívið íróníska athugasemd við það sem undir kraumar.

Ætlunin mun vera að setja þessa sýningu upp í Borgarleikhúsinu eftir að sýningum fyrir norðan lýkur og víst er að ég ætla að sjá hana aftur. Það er ekki oft sem manni gefst færi á að njóta ósvikinnar listrænnar upplifunar af þessum gæðaflokki. Missið ekki af þessari glæsilegu sýningu.

*Soffía Auður Birgisdóttir*